

Sp. 19. Tillaga til þingsályktunar [19. mál]
um vísitölu byggingarkostnaðar.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög nr. 25 frá 1957, um vísitölu byggingarkostnaðar. Jafnframt verði Hagstofu Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins falið að reikna út nýjan vísitölugrundvöll, er taki gildi eigi síðar en á árinu 1971.

Greinargerð.

Núgildandi byggingarvísitala er að stofni til frá árinu 1955, en lögin um vísitölu byggingarkostnaðar eru frá árinu 1957. Grundvöllur vísitölunnar er löngu úreltur og þarfnast róttækrar endurskoðunar, en samfara útreikningi nýs grundvallar er óhjákvæmilegt að endurskoða lög um vísitölu byggingarkostnaðar, enda er þar að finna ákvæði, sem eiga ekki lengur við.

Byggingarvísitalan er miðuð við byggingarkostnað sambýlishúss í Reykjavík, sem er tvær hæðir og að auki ris og kjallari, en slík hús eru ekki byggð nú á dögum. Í byggingarvísitöluna vantar ýmsa veigamikla kostnaðarliði, og hún tekur ekkert tillit til margvíslegra breytinga á byggingarháttum, sem átt hafa sér stað síðasta áratuginn. Vísitalan í sinni núverandi mynd getur því verið mjög villandi og ber brýna nauðsyn til að breyta grundvelli hennar.

Byggingarvísitalan er notuð til að meta breytingar á byggingarkostnaði, auk þess sem hún er mjög höfð til viðmiðunar í verksamningum og í vísitölubundnum skuldabréfum. Þá hefur vísitalan og áhrif á brunabótamat fasteigna. Síðast, en ekki sízt, hefur byggingarvísitalan áhrif á framfærsluvísitöluna. Af þessu má glöggjt sjá mikilvægi þess, að grundvöllur byggingarvísitölunnar sé ætíð sem traustastur.